



# Fundargerð 281.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 19. september 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Dysnes

Á fundinn mættu frá SSNE Albertína F. Elíasdóttir og Kristín Helga Schiöth ásamt Karli Karlssyni ráðgjafa. Kynntu þau stöðu mála varðandi mögulega Líforkugarða með staðsetningu á Dysnesi. Búið er að skipuleggja kynnisferð til Finnlands og Noregs til að skoða söfnun, móttöku og vinnslu dýraleifa, sem og hvernig kerfið blasir við bændum á þeim svæðum. HN stendur til boða að senda fulltrúa í ferðina og tilnefnir stjórn HN Ingu Dís Sigurðardóttur formann sem sinn fulltrúa í kynnisferðina.

### 2. Fjárhagsáætlun HN 2024, fyrri umræða

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2024. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

### 3. Framkvæmdaáætlun HN 2024, fyrri umræða

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti framkvæmdaráætlun HN fyrir 2024. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

### 4. Tilmæli vegna samkeppnisaðstæðna á flutningamarkaði. Erindi frá bæjarráði.

Bæjarráð hefur vísað til stjórnar HN erindi sem því barst dagsettu 1. septembar s.l. frá Páli Gunnari Pálssyni forstjóra Samkeppniseftirlitsins þar sem hann upplýsir um lok rannsóknar á samráði á flutningamarkaði. Samkeppniseftirlitið hefur tekið saman álit þar sem fjallað er um málið og er því beint að öllum sveitarfélögum á Íslandi. Bæjarráð óskar eftir samantekt á því hvort og þá hvernig bregðast eigi við umræddum tilmælum. Stjórn HN felur hafnarstjóra að gera samantekt vegna málsins fyrir næsta stjórnarfund.

### 5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

**Fundargerðin yfirfarin og staðfest.**



Fundi var slitið kl. 14.40

Inga Dís Sigurðardóttir formaður

---

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

---

Axel Grettisson ritari

---

Ásrún Ýr Gestsdóttir

---

Jón Þorvaldur Heiðarsson

---

Ólafur Rúnar Ólafsson

---

Sverre Jakobsson

---

Þröstur Friðfinnsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---